

Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018

Lega Örlygshafnarveggar um Hvallátur

Greinargerð
05.06.2020



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 20 ____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 05.06.2020.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Markmið og umfang skipulagsbreytingar.	6
3. Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir.....	6
4. Staðhættir og umhverfisaðstæður.....	7
Skipulagsskilmálar.....	8
5. Umhverfisskýrsla.....	8
Áhrifa- og umhverfisþættir	9
Viðmið	9
Umhverfismat – vægi áhrifa.....	11
Umhverfismat niðurstaða og mótvægisáðgerðir.....	12
6. Kynning og samráð.....	12
8. Heimildarskrá.....	13

Myndaskrá:

Mynd 1. Hluti sveitarfélagsuppdráttar aðalskipulags Vesturbyggðar 2006-2018, gildandi veglína (svört) og tillaga að nýrri veglínu (rauð) sunnan af Hvallátrum eru sýndar á uppdrættinum.....	4
Mynd 2. Gildandi deiliskipulag Látrabjargs, teikning nr. S-3 (BAARK). Til stendur að breyta legu nýs tengivegar.	5
Mynd 3. Yfirlitsmynd sem sýnir samanburð á veglínu í gildandi deiliskipulagi Látrabjargs (rauð) og fyrirhugaða breytta veglínu (svört).	5
Mynd 4. Hluti gildandi aðalskipulags Vesturbyggðar 2006-2018.	6
Mynd 5. Mörk friðlýsta svæðisins (Umhverfisstofnun, 2019).....	7
Mynd 6. Mynd úr matsskýrslu Vegagerðarinnar sem sýnir votlendi á breytingarsvæðinu (Vegagerðin 2019).	7
Mynd 7. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands.....	8

Forsíðumynd: Landmótun.


1. Inngangur

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna breytingar á legu Örlygshafnarvegar nr. 612 sunnan af Hvallátrum, að beiðni Vegagerðarinnar. Um er að ræða breytingu á veginum sem í dag liggur í gegnum þyrpingu sumarhúsa við Hvallátur og skapar hættu og ónæði fyrir íbúa og vegfarendur, sem hefur fjölgað ört undanfarin ár. Vegurinn er færður suður fyrir Hvallátur á 1,7 km löngum kafla. Breytingin fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðauka 1, lið 10.09: Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum, sem fellur í B flokk þar sem tilgreindar eru þær áætlanir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til eðlis, umfangs, og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Hönnunar- og tæknideild Vegagerðarinnar hefur kannað matsskyldu vegna vegaframkvæmda við Örlygshafnarveg og unnið kynningarskýrslu (Vegagerðin, 2020). Álit Skipulagsstofnunar lá fyrir 7. ágúst 2020 þar sem framkvæmdin var ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Við Hvallátur er sumarhúsaþyrping sem samanstendur af 11 húsum, nokkrum uppgerðum eldri húsum og nýrri bjálkahúsum. Í deiliskipulagi Látrabjargs frá árinu 2015 er lega vegarins sýnd fyrir sunnan Hvallátur (sjá mynd 2). Í deiliskipulaginu kemur fram að færsla vegarins suður fyrir sumarhúsaþyrpinguna sé mikilvæg en í dag liggur hann í gegnum þyrpinguna. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er fyrirhugað að gera breytingu á deiliskipulagi Látrabjargs vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á legu Örlygshafnarvegar í hönnunarferli.




Mynd 1. Hluti sveitarfélagsuppráttar aðalskipulags Vesturbyggðar 2006-2018, gildandi veglína (svört) og tillaga að nýrri veglínu (rauð) sunnan af Hvallátrum eru sýndar á upprættinum.



Mynd 2. Gildandi deiliskipulag Látrabjargs, teikning nr. S-3 (BAARK). Til stendur að breyta legu nýs tengivegar.

Deiliskipulagið frá 2015 er í ósamræmi við gildandi aðalskipulag, og er fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi liður í að leiðrétta misræmi þarna á milli.

Þar sem um nýjan veg utan þéttbýlis á verndarsvæði er að ræða falla framkvæmdir sem breytingin fjallar um í B-flokk 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (liður 10.09). Því skal það metið hvort framkvæmdirnar skulu háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögunum. Kanna þarf matskyldu vegna nýrra vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum á náttúruverndarsvæðum (sjá viðauka 1. liður 10.09 og viðauka 2, liður 1. i. *Stærð og umfang framkvæmdar* og liður 2. iii. a) en vegurinn liggur á svæði sem er nr. 307 á náttúruverndarsvæðum undir aðrar náttúruverndarmarkir: *Breiðavík, Hvallátur og Keflavík, Vesturbyggð (áður Rauðasandshv.), V-Barðastrandasýslu.*



Mynd 3. Yfirlitsmynd sem sýnir samanburð á veglínunni í gildandi deiliskipulagi Látrabjargs (rauð) og fyrirhugaða breytta veglínunni (svört).

2. Markmið og umfang skipulagsbreytingar.

Aðalskipulagsbreytingin felst í því að veglína Örlygshafnarvegur nr. 612 er færð suður fyrir sumarhúsabyggðina að Hvallátrum. Samhliða verður gerð breyting á deiliskipulagi Látrabjargs þar sem veglínun nýja vegkaflans er breytt lítillega, vegna breytinga sem hafa orðið við frumhönnun vegarins, m.a. vegna snjóþýngsla (sjá mynd 3). Fjallað verður nánar um helstu framkvæmdaþætti eins og veglínu, efnisþörf og skeringar í breytingu á deiliskipulaginu og gerð grein fyrir nauðsynlegum leyfum vegna vegaf framkvæmda, helstu umhverfisáhrifum og ef þörf er á að greina frá vöktun umhverfisáhrifa vegna breyttrar veglínu.

3. Fyrirliggjandi stefna og aðrar áætlanir

Aðalskipulag Vesturbyggðar var staðfest 15. september 2006. Samkvæmt skipulaginu er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Vegurinn liggur um svæði sem er nr. 307 undir aðrar náttúruminjar á náttúruminjasrá: *Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík, Vesturbyggð (áður Rauðasandshr.), V-Barðastrandasýslu.* (1). Um svæðið segir í náttúruminjasrá:


307. *Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík, Vesturbyggð (áður Rauðasandshr.), V-Barðastrandasýslu. (1) Svæðið markast af línu úr Stöð í Keflavík, um Kjöl (385 m y.s.), þaðan bein lína í Kóngshæð (402 m y.s.) og í Landamerkjahlein við Breið milli Breiðuvíkur og Vatnsdalsbótar. Látrabjarg, Bæjarbjarg, Breiðavíkurbjarg og Keflavíkurbjarg. (2) Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Fjöldi þjóðminja.¹*



Mynd 4. Hluti gildandi aðalskipulags Vesturbyggðar 2006-2018.

Frá árinu 2011 hefur Umhverfisstofnun unnið að undirbúningi friðlýsingar Látrabjargs. Þann 9. desember 2019 vísaði Umhverfisstofnun friðlýsingu Látrabjargs til umhverfis- og auðlindaráðherra með vísan til 39. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem lagt var til að um 9,7 km² hluti Látrabjargs verði friðlýstur sem friðland, sjá mynd 6. Aðalskipulagsbreytingin fellur ekki innan þess svæðis.


¹ <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vestfirdir/>



Mynd 5. Mörk friðlýsta svæðisins (Umhverfisstofnun, 2019).

4. Staðhættir og umhverfisaðstæður

Sveitarfélagið Vesturbyggð er á sunnanverðum Vestfjörðum og varð til við sameiningu Barðastrandahrepps, Bíldudalshrepps, Patreksahrepps og Rauðasandshrepps árið 1994. Innan sveitarfélagsins eru tveir þéttbýlisstaðir, Bíldudalur og Patreksfjörður, auk nokkurra minni byggðarkjarna. Miklar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum í Vesturbyggð á undanförunum árum og íbúaþróun hefur verið nokkuð sveiflukennd. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni voru þeir flestir við stofnun sveitarfélagsins, tæplega 1.400 og fæstir 2011 þegar íbúafjöldinn fór niður í 890. Íbúum tók að fjölga á ný upp úr því og náðu hámarki árið 2017 en þá voru íbúar 1.030. Þeim hefur tekið að fækka á ný, niður í 1.024 árið 2018 og 998 í upphafi árs 2019.




Mynd 6. Mynd úr matsskýrslu Vegagerðarinnar sem sýnir votlendi á breytingarsvæðinu (Vegagerðin 2019).

Landbúnaður hefur dregist saman í sveitarfélaginu og aðrar atvinnugreinar komið í staðinn, svo sem fiskeldi og þjónusta við ferðamenn. Látrabjarg er einn vinsælasti ferðamannastaður Vestfjarða. Þar er uppbygging þjónustu og innviða nauðsynleg og henni fylgja mörg tækifæri. Látrabjarg er aðgengilegt frá náttúrunnar hendi og vel til þess fallið að taka á móti fjölda ferðamanna.

Við frum- og forhönnun Vegagerðarinnar á nýrri veglínu kom í ljós að snjósofnun er algeng þar sem veglínan sveigir til vesturs niður af hjöllumum niður á flatlendið, syðst á svæðinu. Þar er einnig víðáttumikið votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sjá mynd 6. Að

öðru leyti einkennist gróðurfar af túnum og akurlendi, mólendi og moslendi.



Mynd 7. Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Svæðið sem breytingin nær til var fornleifaskráð af Birnu Lárusdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur Beck árið 2013. Nokkuð er af skráðum minjum í grennd við veglínuna sem nauðsynlegt er að taka fyllsta tillit til við framkvæmdir og verður haft samráð við Minjastofnun Íslands við deiliskipulagsgerð og á framkvæmdatíma.

Skipulagsskilmálar

Breytingin mun auka umferðaöryggi þeirra vegfarenda sem leggja leið sína um svæðið en til þess að lágmarka neikvæð áhrif nýrrar legu og framkvæmda við hana skal fylgja eftir farandi skilmálum:

- Tillit skal taka til fornminja innan áhrifasvæðis nýrrar veglínu, þær merktar á framkvæmdartíma og samráð haft við Minjastofnun Íslands á framkvæmdatíma.
- Framkvæmdir skulu taka tillit til varptíma fugla.
- Öllu raski skal haldið í lágmarki og sérstök aðgát skal höfð við framkvæmdir nærri votlendi.
- Vegskeringar skulu aðlagðar landslagi og græddar upp með hliðsjón af gróðurfari svæðisins.

5. Umhverfisskýrsla

Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en framkvæmdaráform falla undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar er gerður samanburður við núllkost, þ.e. óbreytta veglínu eins og hún er sýnd í gildandi aðalskipulagi.

Áhrifa- og umhverfisþættir

Eftirfarandi umhverfisþættir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af völdum færslu veglínunnar og eru þeir sömu og metnir voru í tengslum við gerð deiliskipulags Látrabjargs.

- Landslag og sjónræn áhrif.
- Gróður og jarðvegur.
- Dýralíf (fuglar).
- Samfélag (atvinnulíf, samgöngur, heilsa og öryggi og ferðamennska).
- Fornleifar og menningarminjar.
- Verndarsvæði.

Í umhverfisskýrslu er fjallað um hugsanleg áhrif breytingarinnar á þessa umhverfisþætti. Val á umhverfisþáttum byggist á mati á umhverfisáhrifum skipulagsbreytingarinnar og á frekari greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna hennar. Ef í ljós kemur að umhverfisáhrif á einhvern af áðurtöldum þáttum séu talin veruleg verða mögulegar mótvægisaðgerðir og/eða vöktun lagðar til.

Viðmið

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum eru byggðar á þremur meginþáttum:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum áhrifa á einstaka umhverfisþætti.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem kunna að liggja fyrir, sbr. kafla um kynningu og samráð.

Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er stuðst við tiltekin viðmið s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðasamninga, lög og reglugerðir. Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati á deiliskipulaginu. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið
Landslag og sjónræn áhrif	Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 57. gr. laga um náttúruvernd, og 3. gr sömu laga um að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Verndargildi skv. náttúruminjasrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004-2018.

Gróður jarðvegur.	og	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur. Listi yfir friðlýstar plöntur skv. auglýsingu um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda, Stj.tíð. B, nr. 184/1978. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020- II. Kafla nr. 7-9 og Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010-2013- sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnytingu og endurheimt landgæða.
Dýralíf		Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr. 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
Samfélag		Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Sjá kafla um atvinnuvegi og samfélagsþætti, samgöngur.
Fornleifar og menningarminjar		Fornminjar (forngrípi og fornminjar), skv. 3. gr laga um menningarminjar nr. 80/2012. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Skv. 1. gr sömu laga, sem ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu, teljast menningarminjar ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugrípi og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu.
Verndarsvæði		Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018. Náttúruminjaskrá – Aðrar náttúruminjar nr. 307. Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík.

Tafla 1. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfispátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfispátt

Tafla 2. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

Umhverfismat – vægi áhrifa

Við mat á umhverfisáhrifum er sem fyrr segir unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Framsetning er í formi texta og venslataflna. Stuðst er við fyrirbyggjandi upplýsingar um framkvæmdina þ.e. gögn frá Vegagerðinni.

Umhverfisþættir	Valkostir	
	Breyting – Ný veglína Örylgshafnarveggar	Núllkostur – óbreytt lega Örylgshafnarveggar
Landslag og sjónræn áhrif	0 Breytt lega vegar er vel löguð að landi en mun óhjákvæmilega verða sýnileg.	0/- Veglínan er óhjákvæmilega sýnileg.
Gróður og jarðvegur	- Óhjákvæmilegt er að gróður í og við vegstæði verði fyrir raski en raski á gróðri og jarðvegi skal haldið í lágmarki eftir fremsta megni. Minna rask á votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.	0 Óbreytt ástand mun ekki hafa áhrif á umhverfisþáttinn.
Dýralíf	0 Áhrif breyttrar veglínna á fugla er margþætt, bæði jákvæð og neikvæð. Ný lega mun hafa neikvæð áhrif á búsvæði mófugla og getur haft áhrif á ritu þar sem flugleið hennar liggur yfir veglínuna. Breytt veglína hefur jákvæð áhrif á kríuvarp og kríuunga þar sem dregur úr umferð í gegn um varpið.	0 Óbreytt veglína hefur neikvæð áhrif á kríuvarp og kríuunga. Önnur áhrif á dýralíf eru óveruleg.
Samfélag	+ Breytingin hefur jákvæð áhrif á öryggi vegfarenda og íbúa/sumarhúsaeigenda að Hvallátrum. Mjög jákvæð áhrif á heilsu þar sem dregur úr hávaða og rykmengun í sumarhúsabyggðinni. Jákvæð áhrif á möguleika ferðaþjónustu til framtíðar, með bættum vegasamgöngum.	- Legar vegarins í dag skapar hættu fyrir vegfarendur og íbúa/sumarhúsaeigendur að Hvallátrum. Núverandi vegi fylgir umferðarhávaði og rykmengun innan byggðarinnar.
Fornleifar og menningarminjar	0 Friðlýstar fornleifar eru allar langt utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Nokkuð er af skráðum minjum í grennd við veglínuna sem taka skal fyllsta tillit til við framkvæmdir, í samráði við Minjastofnun Íslands.	0 Friðlýstar fornleifar eru allar langt utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Nokkuð er af skráðum minjum í grennd við veglínuna sem taka skal fyllsta tillit til við framkvæmdir, í samráði við Minjastofnun Íslands.
Verndarsvæði	0 Breytt lega veglínunnar hefur óveruleg áhrif á þá þætti sem tilteknir eru í gildandi aðalskipulagi Vesturbyggðar og þá þætti sem tilgreindir eru í Náttúru-minjaskrá.	0 Áhrif veglínunnar óveruleg á þá þætti sem tilteknir eru í aðalskipulagi Vesturbyggðar og í Náttúru-minjaskrá.

Umhverfismat niðurstaða og mótvægisáðgerðir

Matið er unnið með tilliti til þeirra skilmála sem settir eru fram í breytingu á aðalskipulaginu.

Breytt veglína hefur óveruleg áhrif á fjóra umhverfisþætti þ.e. landslag og sjónræn áhrif, dýralíf, fornleifar og menningarminjar og á verndarsvæði. Breytingin hefur neikvæð áhrif á gróður og jarðveg en jákvæð áhrif á samfélag.

Núllkostur eða óbreytt ástand er metið óverulegt í öllum umhverfisþáttum nema í umhverfisþættinum samfélag en lega vegarins skapar hættu fyrir vegfarendur og hefur neikvæð áhrif á heilsu vegna hávaða og neikvæð áhrif á loftgæði vegna rykmengunar.

Samkvæmt skráningu eru 8 fornminjar inna áhrifasvæðis nýrrar veglínu en friðlýstar fornleifar eru í meira en 100 m fjarlægð. Gerð er krafa um að tillit sé tekið til allra minjar á áhrifasvæði veglínunnar og þær merktar á meðan framkvæmdum stendur.

Dýralíf svæðisins einkennist af fuglalífi og farið er fram á að framkvæmdir fari fram utan varptíma sem lágmarkar möguleg áhrif á fuglalíf.

Áhrif framkvæmdarinnar á gróður og jarðveg er metið neikvætt sem nýlögn vega hefur óhjákvæmilega. Til þess að lágmarka áhrifin skal öllu raski haldið í lágmarki og vegskeringar aðlagðar landslagi við veglínuna og græddar upp með hliðsjón af gróðurfari svæðisins.

Áhrif nýrrar veglínu á samfélag er metið jákvætt það dregur úr hávaða og rykmengun innan byggðarinnar og öryggi allra vegfarenda sem leggja leið sínu um svæðið eykst.

Áhrif framkvæmdarinnar á landslag og sjónræn áhrif er metið óverulegt en óhjákvæmilega er hún sýnileg.

6. Kynning og samráð

Samráð verður haft við Skipulagsstofnun aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins varðandi umfang og áherslur umhverfismats deiliskipulags, eins og lög um umhverfismat áætlaða gera ráð fyrir.

Samráð var haft við Umhverfisstofnun vegna mögulegra raskana á verndarsvæði.

Samráð var haft við Minjastofnun Íslands vegna minja á svæðinu.

Samráð var haft við Náttúrufræðistofnun Íslands

Samráð var haft við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Samráð var haft við sumarhúsaeigendur að Hvallátrum og aðra íbúa sem telja sig eiga hagsmuna að gæta.

Samstarfsaðili er Vegagerðin.

8. Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.
2. Birna Lárusdóttir, 2014. Fornleifaskráning. BA-138 Hvallátur/ BA-139 Breiðavík.
3. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.
4. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
5. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
6. Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.
7. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
9. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
10. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
11. Náttúruminjaskrá. <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/>
12. Skipulagslög nr. 123/2010.
13. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
14. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlaða
15. Umhverfisstofnun. 2019. <https://www.ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/latrabjarg/>
16. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, 2002. Umhverfisráðuneytið.
17. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, 2002. Umhverfisráðuneytið.
18. Vegagerðin, hönnunar- og tæknideild. 2020. Örlygshafnarvegur (612-03/04) um Hvallátra í Látravík, Vesturbyggð. Kynning vegaframkvæmda.